



## Dæmi um samkomulag

From: Ágúst Þorsteinsson [mailto:agustth@simnet.is] Sent: 2. nóvember 2010 10:28

To: 'Hrönn Pétursdóttir' Subject: RE: Þátttaka í starfshópi um fullorðna í skátastarfi

Ég staðfesti að taka þátt í starfshópnum.  
Kær kveðja, Ágúst.

From: Hrönn Pétursdóttir [mailto:hronnp@simnet.is] Sent: 1. nóvember 2010 17:35

To: 'Ágúst Þorsteinsson' Subject: Þátttaka í starfshópi um fullorðna í skátastarfi

Sæll Ágúst

Til að fylgja eftir símtalinu áðan þá langar okkur að fá þig til að koma í starfshóp á vegum BÍS, sem tekur til starfa núna í nóvember og skilar af sér fyrir skátaþing í mars.

Verkefni hópsins er að útbúa stuðningsefni sem hægt er að nota til að virkja fleiri fullorðna í skátastarfi. Hópurinn mun kynna sér efni sem WOSM hefur gefið út í málaflökknum og í framhaldi koma með tillögur til skátafélaganna um það með hvaða hætti er mögulegt að virkja fleiri fullorðna. Verkefnið nýtur fjárhagslegs stuðnings frá WOSM, en styrkur þaðan mun nýtast til að koma tillögunum á framfæri. Starfshópnum er falið að ákveða sjálfur hverju hann skilar í lokin, t.d. handbók með verkfærum, hugmyndafræði um ferli sem þarf að ganga í gegnum eða annað sem hann metur að geti komið að mestum notum. Mestu skiptir að félögin fái efni sem hjálpar þeim að virkja fleiri fullorðna.

Það sem við óskum eftir frá þér er að nýta reynslu þína og þekkingu í vinnu hópsins, mæta á vinnufundi og sinna þeirri heimavinnu á milli sem hópurinn setur sér. Gert er ráð fyrir að vinnufundir verði vikulega, í eina og hálf klukkustund í senn, utan við desembermánuð en þá er gert ráð fyrir að hópurinn taki sér frí. Stefnt er á að vinnu á milli vinnufunda verði haldi í lágmarki.

Júlíus Aðalsteinsson er sá starfsmaður BÍS sem mun styðja starf hópsins, og getur hópurinn að auki leitað til Evrópuskrifstofu WOSM eftir aðstoð. Ekki er talið að hópurinn þurfi neina sérstaka þjálfun eða annan stuðning, en slíkt verður þó veitt ef eftir því er óskað.

Undirrituð hefur verið beðin um að hafa forystu fyrir hópnum og er því tengiliður hans (sjá netfang og símanúmer í þessum skilaboðum). Haft hefur verið símsamband við eftirtalda aðila um þátttöku og hafa flestir þegar brugðist jákvætt við. Hlutverk allra yrði það sama og áður var upp talið.

Ágúst Þorsteinsson, Björn Hilmarsson, Gauti Torfason, Gunnar Atlason  
Unnur Flygenring, og Þórhallur Helgason.

Að lokum, þakka þér jákvæðu viðbrögðin í símtalinu áðan. Ef þú ert enn til í að vera með, þá máttu gjarnan staðfesta það með svarpósti.

Kveðja, Hrönn

---

Hrönn Pétursdóttir, GSM: +354 690 2700